

## Úthlutunarreglur fyrir íbúðir aldraðra

### 1.gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísan í úthlutun leiguíbúða Vestmannaeyjabæjar

### 2.gr

Íbúðir aldraðra eru íbúðir að Sóhlíð 19, Kleifarhrauni og Eyjahrauni. Íbúðirnar eru allar leiguíbúðir. Markmið með úthlutun á leiguíbúðum fyrir aldraðra er að gefa öldruðum íbúum Vestmannaeyja kost á að leigja aðgengilega íbúð, einkum þegar félagslegar – og heilsufarslegar aðstæður valda því að núverandi búseta hentar ekki og önnur úrræði í búsetumálum fást ekki.

### 3.gr

Umsækjendur um íbúðir aldraðra skulu hafa náð 67 ára aldri og hafa átt lögheimili í Vestmannaeyjum í lágmark 6 mánuði sbr. 18.gr. reglna um úthlutun leiguíbúða Vestmannaeyja með sama fyrirvara um undanþágu og þar getur

### 4.gr

Við úthlutun íbúða til aldraðra er fylgt eftirfarandi viðmiðum og skulu viðeigandi upplýsingar liggja fyrir við úthlutun

1. Uppfylling almennra skilyrða s.s aldur og lögheimili. Séu engir umsækjendur sem uppfylla þessi skilyrði eru aðrar umsóknir teknar til umfjöllunar þ.e yngra fólk og þeir sem ekki hafa átt lögheimili í Vestmannaeyjum í tilskilinn tíma.
2. Læknisfræðilegt mat sem vottað er af heimilislækni umsækjanda. Ef um vafaatriði er að ræða er leitað álits yfirlæknis heilsugæslunnar eða staðgengils hans.
3. Félagslegt mat, þ.m.t fjárhagslegar aðstæður umsækjanda og það hvort breyting á húsnæði hefur í för með sér bættar félagslegar aðstæður
4. Núverandi húsnæðisstaða
5. Aldur umsóknar
6. Fjölskyldustærð, þ.e hvort hjón/sambýlisfólk sækir um og hvernig íbúð hentar umsækjanda

### 5.gr

Matshópur sem skipaður er þremur fagaðilum Fjölskyldu- og fræðsluvið hefur umboð til að úthluta íbúðum til umsækjenda út frá þeim viðmiðum sem fram koma í 4.gr. og *matsblaði vegna forgangsröðunar húsnæðisumsókna eldri borgara*. Ef um vafaatriði er að ræða, vanhæfni matshóps eða umsóknir eru jafnar að stigum skal leggja umsóknir fyrir fund Fjölskyldu- og tómstundaráðs

### 6.gr.

Að öðru leyti er við umsóknarferli og úthlutun íbúða aldraðra vísað til reglna um úthlutun leiguíbúða Vestmannaeyja

**7.gr.**

**Reglur þessar fella eldri úthlutunarreglur um íbúðir aldraðra úr gildi**

**Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði 25. apríl 2012 og bæjarstjórn  
Vestmannaeyja 23. maí 2012**